

Svartsengi

Jarðhitinn í Svartsengi sem er ein af auðlindum Grindavíkur. Í byrjun áttunda áratugarins á síðustu öld var Hitaveita Suðurnesja stofnuð og Grindvíkingar byrjuðu að nýta jarðhitann til húshitunar. Vegna seltu og efnainnihalds vatnsins í Svartsengi varð hitaveitan þó að nota sérstaka varmaskipta til þess að hita upp ferskvatn sem hentar til húshitunar. Kísilríkt affallsvatnið af varmaskiptunum rann út í hraunbreiðuna við Svartsengi og með tímanum myndaðist þar blátt lón með hálfsoltu, ylvolgu vatni (HS Orka Hf, 2010). Fólk fór fljótlega að nýta lónið til baða og í byrjun níunda áratugarins var stofnað fyrirtæki í kringum lónið. Fundið var nýtt lónsstæði sunnar í hrauninu og opnað fyrir almenning. Í dag er Bláa lónið orðið eitt stærsta aðdráttarafl erlendra ferðamanna til landsins og Grindvíkingar njóta góðs af því með öflugri ferðaþjónustu (Blue Lagoon Iceland, e.d.).

Í Svartsengi má einnig finna annað fyrirtæki sem er eitt sinnar tegundar í heiminum. Þetta er metanólverksmiðja fyrirtækisins CRI sem hóf starfsemi sína árið 2012. Starfsemi fyrirtækisins er afar umhverfisvæn en það notar koltvísýring úr jarðgufu hitaveitunnar og breytir í fljótandi metanól sem má nýta sem orkugjafa fyrir ökutæki. Með því að nýta koltvísýringinn er fyrirtækið í leiðinni að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda og eina aukaafurðin er á formi hreins súrefnis (Wikipedia, 2014).